

Tólfti fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS
Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur og upptakomur frá síðasta fundi

Forstöðumaður sagði frá árlegum fundi í Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna samnings Þekkingarsetursins við ráðuneytið. Núverandi samningur gildir til næstu áramóta en unnið er að endurnýjun hans. Á fundinum lýstu fulltrúar ráðuneytis yfir ánægju með störf og verkefni setursins. Aðkoma Þekkingarsetursins að Sóknaráætlun Suðurnesja var rædd.

2. Fjárhagsáætlun ársins 2015

Forstöðumaður kynnti rekstraráætlun ársins 2015. Rætt var um mikilvægi þess að auka tekjur vegna nýtingar á aðstöðu setursins. Rekstraráætlun samþykkt samhljóða.

3. Lok þróunarverkefnis um uppbyggingu greiningastöðvar Þekkingarsetursins

Forstöðumaður kynnti þróunarverkefni um uppbyggingu greiningastöðvar Þekkingarsetursins, sem mun ljúka nú um áramótin. Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun og markmiðum þess að miklu leyti verið náð. Stjórn fól forstöðumanni að koma á fundi með fulltrúum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis eftir áramót, til að kynna lokaskýrslu verkefnisins og ræða möguleika á framhaldi þess.

4. Samkomulag vegna sýningarinnar Heimskautin heilla

Forstöðumaður greindi frá vinnu síðustu mánaða að samkomulagi milli Þekkingarsetursins, Sandgerðisbæjar og Háskóla Íslands vegna sýningarinnar Heimskautin heilla. Sú tillaga kom frá HÍ að unnin verði heildstæð munaskrá sýningarinnar áður en vinnu við samkomulag verði

haldið áfram haustið 2015. Stjórn samþykkti að munaskráin verði unnin næsta sumar af sumarstarfsmanni setursins og að sótt verði um styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til verksins. Ólafur Þór mun taka saman minnisblað um málið og leggja fyrir bæjarráð Sandgerðisbæjar.

5. Aðild Þekkingarsetursins að INTERACT

Staðgengill forstöðumanns kynnti aðild Þekkingarsetursins að INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic) sem er alþjóðlegt net rannsóknastöðva á norðlægum slóðum. Þekkingarsetrið er 71. rannsóknarstöð INTERACT og sú 3. hér á landi. Stjórn lýsti yfir mikilli ánægju með aðildina. Rætt var um möguleika Þekkingarsetursins og stoðstofnana þess í norðurslóðaverkefnum.

6. Önnur mál

- a) Farið var yfir samning Þekkingarsetursins við Menntamálaráðuneytið. Samþykkt var að fela forstöðumanni að gera tillögur að smávægilegum breytingum á samningnum.
- b) Lagt var til að næsti fundur stjórnar verði miðvikudaginn 18. febrúar og var það samþykkt.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Eydís Mary Jónsdóttir tók saman fundargerð.

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN

Erla Ósk Pétursdóttir - SIGN

Eydís Mary Jónsdóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson -SIGN